

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum.

Forseti Íslands hefur hinn 4. mars 1999 samkvæmt tillögu forsætisráðherra staðfest eftirfarandi reglugerð um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum:

1. gr.

Eftirtalдар breytingar verði á 2. gr., sbr. 1. gr. auglýsingar nr. 77/1990, um staðfestingu reglugerðar um breytingu á reglugerð þessari:

- a. 11. tölul. hljóði svo: Embætti ríkislögmans.
- b. 14. tölul. hljóði svo: Umboðsmann barna.
- c. 15. tölul. falli brott.

2. gr.

15. tölul. liðar I í 5. gr., sbr. 1. gr. auglýsingar nr. 1/1984, um staðfestingu reglugerðar um breytingu á reglugerð þessari, falli brott.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 8. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, öðlast gildi við birtingu auglýsingar um staðfestingu hennar.

Forsætisráðuneytinu, 4. mars 1999.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

Nr. 7

4. mars 1999

LÖG

um breytingu á lögum nr. 51/1985, um ríkislögmann.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: stjórnarráðið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Davíð Oddsson.